

KJARVAL

37% afsláttur Gourmet Ungnautahakk **998 kr./kg**

Tilboð vikunnar

23% afsláttur Goða Grísasnitsefni **998 kr./kg**

46% afsláttur Bautabúrs Bayonneskinka **799 kr./kg**

ÍM Ýsubitar **899 kr./kg**

25% afsláttur

Swiss Miss 3 teg. **459 kr./plc.**

Kexsm. Marmarakaka **299 kr./stk.**

Gille Jólaveina Piparkökur **199 kr./plc.**

Epli Rauð **229 kr./kg**

Neutral þvottaefni 1,9 kg **699 kr./plc.**

Allra Glerhreinisir **199 kr./stk.**

NY Potato sticks **249 kr./plc.**

Jólaкарт fyrir ljósmyndir **598 kr./plc.**

Sjá opnunartíma á www.kjarval.is

Klaustur: Sími: 487 4616 | Vík: Sími: 487 1325 | Hvolsvöllur: Sími: 585 7590 | Þorlákshöfn: Sími: 585 7595 | Hella: Sími: 585-7585


VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Afmæli.

Miðvikudaginn 2. des. verður Filippus Hannesson á Núpsstað 100 ára.



Í tilefni þess munum við fagna þessum tímamótum með afmælisbarninu í sal farfuglaheimilisins á Hvoli laugardaginn 28. nóvember frá kl. 14:00-17:00

Fyrir hönd ættingja, Hannes og Guðný

SMÁUGLÝSINGAR

Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir verður á Heilsugæslustöðinni í Vík miðvikud. 2. des. n.k.

Tímáptantanir í síma 480 5340

Óska eftir

Lödu Lux árg. 1985 eða yngri
uppl. 899 9300, Hinrik



Áslaug Einarsdóttir Þjónustustjóri VÍS

verður til viðtals á skrifstofu Skaftárhrepps þriðjudaginn 1. des. frá kl. 13:00-15:30

Símar VÍS 487 1190
& 867 9750

46. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 25. NÓVEMBER 2009



Halló - Halló gott fólk!



Ætlum að vera með sýningu á handverkum
vistmanna á Hjúkrunar-og dvalarheimili
Klausturhólum, föstudaginn 27. nóvember frá kl. 14:00-17:00.

Auk handavinnusýningar verður boðið upp á:

- I. Skoða vistaverur heimilisfólksins.
- II. Harmonikkuleik.
- III Dásamlegt kaffi og meðlæti.



Látið svona boð ekki fram hjá ykkur fara.

*Kveðja ,
Heimilisfólk og starfsfólk Klausturhóla
Kirkjubæjarklaustri.*

Hó hó hó

Klausturbúar og nærsveitamenn!

*Verðum á Kirkjubæjarklaustri
dagana 29. nóv.-2. des.*

Pantið tíma í alla almenna snyrtingu
Upplýsingar í síma 861 9181

Heiðdís Steinsdóttir snyrtifræðingur
og Þórhildur Karlsdóttir fótaaðgerðarfræðingur

Verðum á Skaftárvöllum 2 á Klaustri
geymið auglýsinguna



Samantekt vikuna 16. til 23. nóvember 2009 LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 79 mál þessa vikuna hjá lögreglunni á Hvolsvelli bókuð. Fyrir of hraðan akstur voru 11 ökumenn teknir, en sá sem hraðast ók var á 125 km. hraða.

Þrjú umferðaróhöpp urðu í vikunni. Hestakerra valt við Lyngás skammt vestan við Hellu. Hryssa var í kerrunni ásamt folaldi og sluppu þau án meiðsla að talið var. Mikil ísing og háлка var á staðnum og er það talið hafa átt þátt í óhappinu. Ekið var á bíl á þriðjudaginn s.l. við Kjarval á Hvolsvelli og stungið af. Bifreiðin er töluvert skemmd eftir. Talið er að um stóra jeppabifreið sé að ræða og hafi stór hjólbarði lent utan í bifreiðinni. Á Þykkva-bæjarvegi við Ægissíðu varð árekstur við framúrakstur á gatnamótum. Ökumaður bifreiðarinnar sem þarna ók framúr var með dagsgamalt ökuskírteini.

Eftirlit var með rjúpnaskyttum í vikunni og reyndust þeir vera með allt á hreinu. Skotvopnaleyfi, veiðikort og leyfi landeiganda. Minna má á að aðeins má skjóta rjúpu á föstudögum, laugardögum og sunnudögum í viku hverri.

Fjölbrautaskóli Suðurlands var með fjölmennan dansleik í Njálsbúð en þar var um 360 manns saman kominn. Allt fór vel fram í alla staði og þurfti lögregla engin afskipti að hafa af skemmtuninni. Mikil fjöldi bifreiða kom þarna að og voru 65 ökumenn stöðvaðir og kannað með ástand þeirra og reyndust allir vera í lagi.



Einar Bárðarson, formaður Víkverja og Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn.

Björgunarsveitin Víkverji, Vík í Mýrdal hélt á laugardaginn upp á 40 ára afmæli sitt. Miklar endurbætur hafa farið fram á húsnæði þeirra við Smiðjuveg í Vík. Þar var saman kominn fjöldi manns sem fagnaði með sveitarmönnum. Björgunarsveitin Víkverji er mjög öflug sveit. Hefur það sýnt sig er lögreglan hefur kallað sveitina til aðstoðar við leit og björgun.

Nú fer að koma sá tími sem jólahlaðborð eru haldin, ásamt jólaglöggi, oft í tengslum við vinnustaði. Hvetjum við alla að huga vel að því að fara ekki af stað akandi eftir að hafa neytt áfengis. Einnig bendum við á „nágranna-vörslu“ í þessu sambandi. Hafðu hiklaust afskipti, gruni þig að þinn félagi ætli að fara akandi eftur áfengisneyslu. Þannig getum við komið í veg fyrir stórslys eigi sér stað.

Annars erum við góðir hjá lögreglunni á Hvolsvelli og allir að komast í jólaskapið.

*Tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni,
varðstjóra.*

Ég hef labbað lífsins slóð,
laus við böll og trega.
Drukkið vín og flekað fljóð,
fast og innilega.

Drottinn minn hve dimmir fljótt,
dagurinn senn á enda.
Ég kannski mun -er kemur nótt,
á kvennafari lenda.

Höf: Pétur Stefánsson.

Á DÓFINNI

29. nóv. Aðventusamkoma í Víkurkirkju kl. 20:30

5. des. Jólatónleikar Tónskólans kl. 14:00

8. des. Tónleikar Ragnheiðar Gröndal í Víkurkirkju, nánar auglýst síðar

13. des. Lúsiútónar Tónskólans

2. nóv. verður fyrsta æfingin hjá Klappstýruliði Kötlu: mánudögum kl. 14:30 – 15:30 og miðvikudögum kl. 15:30 – 16:30.

Ullarflutningar 2009.

Vegna auglýsingar sem birtist í Vitanum í síðustu viku viljum við taka fram að Auðbert og Vigfús munu áfram sjá um ullarmóttöku fyrir Istex í V - Skaft. (Sjá heimasíðu Istex og Bændablaðið)

Ullarmóttakan er í Vík, þar er staðsettur ullargámur sem bændur geta sett ullina í allan ársins hring.

Einnig munum við aðstoða bændur sem eiga lengra að við að koma ullinni á móttökustað.

Ullarsöfnun hefur alltaf verið ein af undirstöðum okkar. Höldum vinnunni í heimabyggð - Treystum áframhaldandi þjónustu í V-Skaft.

Allar nánari upplýsingar í síma : 893 8606

Bestu kveðjur.
Auðbert og Vigfús Páll.

Félag eldri borgara í Skaftárhreppi

Boðar til afmælisfundar á Hótel Kirkjubæjarklaustri mánudaginn 30. nóvember kl. 12:30 og hefst hann með hádegisverði á Hótelinu.

Þeir sem ætla að njóta matarins tilkynni það til hótelsins í síma 487 4900 fyrir laugardaginn 28. nóvember.

Maturinn kostar 2.500 kr.

Eftir matinn verður sögð ferðasaga, spiluð félagsvist og verðlaun veitt.

Nýir félagar velkomnir
Stjórnin

IH

ICELANDAIRHOTELS

KLAUSTUR

Laugardagskvöldin 5. desember og 12. desember bjóðum við upp á girnilegan og spennandi jólamatseðil og verðum þá að vanda á "rólegum og rjómantískum nótum" hér á Hótel Klaustri.

Jólamatseðill 2009 á Hótel Klaustri.

"Jólafordrykkur" að hætti Hótel Klausturs.
Úrval sjávarréttar með humarfroðu og koníaksrjóma.
Kofareykt hangikjöt í þremur útgáfum
Stökk Purusteik og langtímaelduð Kalkúnabringa.
"Kanil Creme Brule" og jólakökuís.
Kaffi.

Verð pr mann er kr. 6.250.

Sérstakur barnaafsláttur fyrir börn 6 ára til 12 ára.

Borðapantanir í síma 487 - 4900.

Sértilboð á gistingu ofangreindar helgar.

Gisting í tveggja manna herbergi með baði, jólahlaðborð og morgunverður af hlaðborði á aðeins kr. 9.250 pr mann.

Á Hótel Klaustri tökum við vel á móti þér hvort sem þú ert að koma með hóp á árshátíð, gleðjast með starfsfélögum, saumaklúbbnum eða vinahópnum, halda upp á afmælið þitt eða láta dekra við þig og þína í mat og drukk.

Hlökkum til að heyra frá ykkur.

STARFSFÓLK ICELANDAIR HOTEL KLAUSTUR
Sími 487 - 4900.

Jóla-ljósahátíð á Kirkjubæjarklaustri.



Kveikt verður á jólatrénu við Félagsheimilið Kirkjuhvol fimmtudaginn 26. nóvember kl. 14.00

Komum og sjáum ljósin tendruð, njótum samveru og syngjum saman jólalögin.

Menningarmálanefnd Skaftárhrepps.

Náttúruvernd?

Náttúruvernd er að sjálfsögðu af hinu góða en henni má þó ofgera eins og öðru. Eina ferðina enn er verið að reyna að koma í gegn friðun á svæði í austurhlíðum Reynisfjalls undir því yfirskini að vernda brekkubobbann sem engin ógn steðjar þó að. Tvisvar hefur þessari tillögu verið synjað af sveitarstjórn en eitthvað hefur orðið til þess að meirihlutinn er henni nú fylgjandi þrátt fyrir vitneskju sína um andstöðu flestra íbúa. Við höfum þegar brennt okkur illa á friðun hér í Mýrdalnum. Í friðun felst það að við höfum ekkert lengur um svæðið að segja í ljósi þess að til stendur að herða lög og auka vægi friðunar og náttúruverndar á Íslandi eftir áramót.

Verður okkur bannað að veiða lunda? Eða taka egg? Verður okkur bannað að ganga um svæðið á mökunartíma brekkubobba, samanborið við varptíma í Dyrhólaey?

Hvað með kartöflugarðana? Verður svæðið girt af? Sniglarnir eru hér um allar brekkur og hafa það fínt. Hvað er þetta annað en árás á bætтар samgöngur?

Þetta hljómar eins og einn stór brandari. Eigum við kannski að friða maðkafluguna eða ánamaðkinn?

Það sem við viljum eru skýr svör, engar málalengingar, og að íbúar fái að heyra um "tækifærin" sem felast í friðuninni, önnur en tækifærin til að tefja önnur mál. Þetta er óaftur-

kræf ákvörðun sem mun óhjákvæmilega hafa áhrif á íbúana í framtíðinni.

Líta má á þessi orð sem áskorun til sveitarstjórnar Mýrdalshrepps.

Þorgerður H. Gísladóttir
og Óðinn Gíslason.



Jólastemning á Hótel Lunda 12. desember

*Laugardagskvöldið 12.des
ætlum við að hafa opið í jólamatseðil.)
Rómantísk kvöldstund við notalega lifandi tónlist.*



Forréttir:

Sjávarréttasúpa
Reyktur lax
Hrossacarpacio

Aðalréttir:

Grenikryddað lambafillet með sætum kartöflum og sósu
Kalkúnabringa með fyllingu og sósu
Nautasteik með salati, kartöflum og Bernaissósu

Eftirréttir:

Frönsk súkkulaðikaka með rjóma
Heimalagaður ís með heitri marssósu
Volg eplakaka með ís eða rjóma



Opin bar fram eftir nóttu

Borðapantanir í síma 662 66 55



JÓLAMARKAÐUR-JÓLAMARKAÐUR

Munið jólamarkaðinn í Kirkjuhvoli á laugardaginn frá kl. 13-17. Gjafavörur, handverk, kökubasar, flatkökur og margt skemmtilegt í jólapakkann á einum stað. Verslunin Kjarval á Klaustri verður með opið á meðan á markaðnum stendur.



Allir velkomnir

Byggingafélagið Klakkur, Víkurprjón, Leirbrot og gler, Kvenfélagið Hvöt, Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps, Handverksbúðin á Kirkjubæjarklaustri, Verslunin Kjarval á Klaustri, Kynlegir kvistir, Hársnyrtistofa Jónu Sigurbjartsdóttur, Dynskógabækur, handverk og fl. úr ýmsum áttum.

Spilakvöld



Þá er komið að þriðja og síðasta spilakvöldinu fyrir jól.

Við verðum á Halldórskafti 26. nóvember kl 20:00

Eins og alltaf erum við að spila til styrktar Björgunarsveitinni Víkverja.

Spilanevnd Kvenfélags Hvammshrepps.

KJARVAL KLAUSTRI AUGLÝSIR

Í TÍLEFNI AF JÓLAMARKAÐI Í FÉLAGSHEIMILINU

**LAUGARDAGINN 28, NÓVEMBER
VERÐUR OPIÐ FRÁ KL. 10,00 TIL 17,00**



KYNNING VERÐUR Á ALLRA SMÁKÖKUM,
NÓA KONFEKTI OG JÓLAÖLI.



ÍSPINNAR Á TILBOÐI

MINNUM Á 50% AFSLÁTT Í NAMMIBAR, KAFFI Á KÖNNUNNI

STARFSFÓLK KJARVAL KLAUSTRI

AÐVENTUHÁTÍÐ Í PRETSBAKKAKIRKJU



Fyrsta sunnudag í aðventu 29. nóvember kl. 14.00 verður aðventuhátíð í Prestsbakkakirkju.

Kirkjukór Prestsbakkakirkju og Ásakórinn undir stjórn Brians Rogers Haroldssonar, syngja jóla- og aðventusálma, börn flytja helgileik, leika á hljóðfæri og syngja. Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur leiðir stundina og flytur hugvekjju.

Þegar dagskránni líkur í kirkjunni heldur hátíðin áfram í Kirkjubæjarskóla þar sem kirkjukór Prestsbakkakirkju verður með kaffihlaðborð.

Fjölmönnum á aðventuhátíðina og eigum góða stund saman í Prestsbakkakirkju.

Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur



F.v. Ragnheiður Högnadóttir gjaldkeri, Magnús Kristjánsson heiðursfélagi, Reynir Ragnarsson heiðursfélagi, Guðrún Hildur Kolbeins ritari og Einar Bárðarson formaður Víkverja.

Björgunarsveitin Víkverji í Vík hélt upp á 40 ára afmæli sveitarinnar auk 70 ára söguafmælis slysavarna í Mýrdal sl. laugardag.

Þetta var mikill gleðidagur fyrir Víkverja og gaman að sjá hversu margir sáu sér fært að koma en 150-170 gestir komu á hátíðina.

Skrifað var undir samstarfssamning við Mýrdalshrepp um ýmsa þjónustu sem að Björgunarsveitin veitir sveitarfélaginu. T.d. snjómokstur, umferðarstjórnun á kirkjuplani, umsjón áramótabrennu ofl. Í staðinn styrkir Hreppurinn Víkverja um 1.000.000 á ári næstu þrjú árin. Þetta kemur í stað þess að Víkverji sækir um styrk reglulega t.d. á móti fasteignagjöldum af eignum sveitarinnar.

Margar góðar gjafir bárust Víkverja, bæði frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum. Vill félagið koma á framfæri kærum þökkum til allra sem að sýndu velvilja þennan dag.

Í tilefni af afmælinu voru heiðraðir sérstaklega tveir björgunarsveitarfélagar sem hafa unnið með Víkverja frá upphafi. Það voru þeir Magnús Kristjánsson og Reynir Ragnarsson, þeim voru afhentir áritaðir skildir sem þakklæti fyrir vel unnin störf í þágu sveitarinnar.

Stjórn Víkverja er þannig skipuð:

Einar Bárðarson formaður, Grétar Einarsson varaformaður, Guðrún Hildur Kolbeins ritari, Ragnheiður Högnadóttir gjaldkeri og Atli Már Guðjónsson meðstjórmandi.

Þorsteinn M. Kristinsson vikur af fundi eftir 1. lið. Fundargerð samþykkt. Þorsteinn kemur aftur á fundinn.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 427. fundur stjórnar SASS 25. september 2009
2. 428. fundur stjórnar SASS 14. október 2009
3. 38. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 30. september 2009
4. Fundur minni sveitarfélaga 30. september 2009
5. Fundur í svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs – vestursvæði 14. október 2009
6. 117. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands 14. október 2009
7. 40. aðalfundur SASS 15. og 16. október 2009
8. 23. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 21. október 2009
9. 122. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands 14. október 2009
10. 4. aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 15. október 2009
11. 4. aðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands 15. október 2009
12. 768. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 30. október 2009
13. 288. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 4. nóvember 2009, ásamt minnisblaði
14. Endurrit úr fundargerðarbók Almanna- varnarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 9. nóvember 2009
15. 429. fundur stjórnar SASS 13. nóvember 2009

IV. Annað kynningarefni.

1. Vegvísir að gerð hagstjórnarsamnings ríkis og sveitarfélaga 1. október 2009
2. Jónsmessunefnd, fundargerð 22. september 2009
3. Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál, fundargerð 22. september 2009
4. Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál, fundargerð 16. október 2009

5. Samráðsfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins vegna stöðugleikasáttmála 21. október 2009

6. Tölvupóstur frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu 14. október 2009
7. Forsætisráðuneytið október 2009: Tillaga um svæðisskiptingu Sóknaráætlunar 20/20
8. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambandi Íslands 23. október 2009
9. Afrit af bréfi SASS til menntamálaráðherra 26. október 2009
10. Afrit af bréfi SASS til umhverfisráðherra 27. október 2009
11. Fræðslunet Suðurlands: Ársskýrsla 2008 og ársreikningur 2008
12. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: ART á Suðurlandi; Mat á framkvæmd og ávinningi verkefnisins, skýrsla, júlí 2009
13. Dreifibréf 1. október 2009 frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra, sjónskerta og dauflinda einstaklinga
14. Bréf, ásamt fylgigögnum, frá LEX-Lögmansstofu 21. október 2009
15. Afrit af bréfi Fjölbrautaskóla Suðurlands til menntamálaráðherra 14. október 2009
16. Landsnet 2. nóvember 2009: Kerfisáætlun 2009, Afl- og orkujöfnuður 2012/13
17. Gögn frá fundi um almannavarnir 9. nóvember 2009
18. Bréf frá menntamálaráðuneytinu 13. nóvember 2009, ásamt bæklingi
- V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl.18:00.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti, Elín Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Jóhannes Gissurarson, Þorsteinn M. Kristinsson, Sverrir Gíslason.



Sverrir Gíslason vikur af fundi. Með bréfi dagsettu 17. september 2009 óskaði sveitarstjórn eftir því við eigendur Klausturjarðarinnar að fá til afnota (leigu) byggingarland vegna áforma um uppbyggingu þéttbýliskjarnans á Kirkjubæjarklaustri á næstu árum. Í svari Braga lýsir hann vilja sínum (og Auðar H. Winnan) til að skoða málið þegar frekari upplýsingar (tilgreindar) liggja fyrir. Sveitarstjórn þakkar bréfið. Aðrir eigendur jarðarinnar hafa ekki svarað erindi sveitarstjórnar. Sveitarstjóra falið að senda ítrekunarbref. Sverrir Gíslason kemur aftur á fundinn.

7. Bréf frá Kennarafélagi Suðurlands 8. október 2009

Óskað er upplýsinga um hvort gert sé ráð fyrir útgjöldum vegna þátttöku kennara í haustþingi Kennarafélags Suðurlands í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir 2010. Með bréfinu fylgir ályktun aðalfundar Kennarafélags Suðurlands 25. september 2009 um mikilvægi haustþinga félagsins og er þess krafist að sveitarfélög geri kennurum sínum kleift að sækja þingin. Sveitarstjórn þakkar bréfið og vísar erindinu til nánari umfjöllunar og afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar Kirkjubæjarskóla fyrir næsta ár.

8. Ályktanir ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 16. október 2009

Fyrir liggja ályktanir ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 16. október 2009 um samgöngumál, atvinnumál, mennta- og menningarmál, velferðarmál og umhverfis- og skipulagsmál. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að kynna ályktanirnar fyrir viðkomandi nefndum sveitarfélagsins svo þær geti haft þær til hliðsjónar við sín störf.

9. Bókun ákvörðunar sveitarstjórnar um skipun varaformanns skipulags- og byggingarnefndar 20. október 2009

Sveitarstjórn staðfestir með þessari bókun ákvörðun sína frá 20. október 2009 um að skipa Sigurlaugu Jónsdóttur varaformann skipulags- og byggingarnefndar Skaftárhrepps.

10. Erindi frá Snorraverkefninu 16. október 2009: Ósk um fjárstuðning 2010

Sveitarstjórn telur sér ekki fært að verða við

beiðni um þátttöku í Snorraverkefninu að þessu sinni og hafnar því erindinu.

11. Erindi frá Björgunarsveitinni Stjórnunni 25.10.2009: Beiðni um styrk vegna kaupa á björgunarsveitarbíl

Sveitarstjórn samþykkir að kanna möguleika á styrkveitingu til þessa verkefnis í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2010.

12. Landssamtök foreldra, Heimili og skóli, 9. nóvember 2009: Styrkbeiðni

Farið er fram á fjárstuðning vegna átaks gegn einelti skólaárið 2009-2010. Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 10.000 kr til verkefnisins.

13. Erindi frá Kára Kristjánsyni 11. nóvember 2009: Aðbúnaður og umgengni á ferðamannastöðum í Eldhrauni

Í erindinu er lýsing á ástandi nokkurra fjölfarinnna viðkomustaða ferðamanna í Eldhrauni, ásamt tillögum til úrbóta þar sem skemmdir hafa orðið á aðbúnaði og gróðri. Sveitarstjórn þakkar Kára erindið og felur sveitarstjóra, í samráði við umhverfis- og náttúruverndarnefnd, að leita leiða til að fylgja eftir þeim ábendingum og ráðum sem fram koma. Sveitarstjórn telur rétt að kanna möguleika á samkomulagi við Umhverfisstofnun um lagfæringar og eftirlit á umræddum stöðum í tengslum við áform um að koma upp fastri aðstöðu fyrir sjálfbóðaliða á vegum stofnunarinnar á Kirkjubæjarklaustri.

14. Múlakotsskóli


Sveitarstjórn felur oddvita að leita eftir samkomulagi við eigendur Múlakotsjarðarinnar um endurnýjun lóðarleigusamnings vegna Múlakotsskóla, en núgildandi samningur rennur út 20. apríl 2010. Jafnframt er ákveðið að leita eftir styrk frá húsafríðunarnefnd til nauðsynlegra viðgerða á gluggum skólahússins.

II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 64. fundur skipulags- og byggingarnefndar 13. október 2009 – samþykkt af sveitarstjórn 19. október

Elín Heiða Valsdóttir tók ekki þátt í afrgeiðslu á 1. lið. Sveitarstjórn staðfestir fyrri samþykkt.

2. 65. fundur skipulags- og byggingarnefndar 2. nóvember 2009



Kirkjuskólinn í Mýrdal

Minni á samveru kirkjuskólans í Mýrdal
laugardaginn 28. nóv. nk. kl. 11:15 í Víkurskóla.
Fjölmennum

Sóknarprestur

Aðventuhátíð í Víkurkirkju í Mýrdal

*Nú ætlum við að breyta svoltið til og halda okkar
árlegu aðventuhátíð að kvöldi fyrsta sunnudags
í adventu 29. nóvember nk. í Víkurkirkju kl. 20:30.*

Fjölbreytt dagskrá í tali og tónum.

Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Kára Gestssonar organista.

Sérstakur gestur verður Mýrdælingurinn
Halldór Unnar Ómarsson söngvari.

Eftir stundina í kirkjunni verða ljósinn tendruð
á jólatré Mýrdælinga á Guðlaugsbletti.

Fjölmennum á aðventuhátíð okkar allra.

Sóknarprestur



Jólahlaðborð á Hótel Dyrhólaey laugardaginn 28. nóvember.



Örfá sæti laus. Verð 6.500 kr á mann.
Borðapantanir í síma 487 1333
fyrir kl. 17.00 á fimmtudag.

Húsið opnar kl. 19.30. Borðhald hefst kl. 20.00

Hljómsveitin Mílanó skemmtir fram eftir nóttu.

JÓLAGOS Í AÐSIGI Á HÓTEL LAKA

Jólahlaðborð 2009

Bjóðum einnig upp á sérstakt barnahlaðborð

5. desember - Lifandi tónlist
12. desember - Tónabræður

Borðhald hefst kl. 19:30 báða daga

Verð á mann á jólahlaðborð kr. 5900.-
Jólahlaðborð fyrir börn í grunnskóla kr. 2000.-
Jólahlaðborð og gisting ásamt morgunverði kr. 8900. á mann.

Borðapantanir í síma 4874694.



FUNDARGERÐ SKAFTÁRHREPPS

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundar mánudaginn 16. nóvember 2009. 308. fundur sveitarstjórnar, 10. fundur ársins 2009.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra.

Oddviti býður fundarmenn velkomna.

Oddviti óskar eftir eð eftirtalin mál verði tekin á dagskrá: Fundargerð 429. Fundar stjórnar SASS 13. nóvember 2009 sem liður III-15; Bréf frá menntamálaráðuneytinu 13. nóvember 2009 um íslenska málstefnu, ásamt tillögum íslenskrar málnefndar sem samþykktar voru á Alþingi 12. mars 2009 sem liður IV-18. Þetta samþykkt og gengið til dagskrár.

Oddviti og sveitarstjóri greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Dagskrá

I. Málafni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009 – síðari umræða

Sveitarstjórn samþykkir með minniháttar breytingum fyrirliggjandi tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Tillagan verður lögð til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010.

2. Álagning útsvars 2010

Sveitarstjórn samþykkir að álagningarhlutfall útsvars 2010 verði óbreytt frá yfirstandandi ári, eða 13,28%, með fyrirvara um að sömu heimildir gildi áfram um útsvarsálagningu sveitarfélaga.

3. Endurskoðun aðalskipulags

Á borgarafundi um skipulagsmál 3. nóvember 2009 kynntu ráðgjafar sveitarfélagsins (Landmótun) og vinnuhópur sveitarstjórnar sjónarmið og hugmyndir sem fram hafa komið í tengslum við yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags. Sveitarstjórn þakkar góða mætingu á fundinn og mikla þátttöku í umræðum. Fjölmargar gagnlegar athugasemdir og ábendingar komu fram. Í kynningu kom fram að unnið er að sérstakri athugun og aðgerðaáætlun á vegum umhverfisráðuneytisins á vatnasviði Skaftár, en sú vinna tengist m.a. áformum um stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs á Langasjávarsvæðinu. Niðurstöður þessarar vinnu geta haft áhrif á mikilvæga þætti aðalskipulags og mun

sveitarstjórn bíða með að gera sínar endurskoðunartillögur þar til þær niðurstöður liggja fyrir. Vænst er að það geti orðið strax upp úr áramótum. Sveitarstjórn mun kynna tillögur um endurskoðun aðalskipulags á almennum borgarafundi þegar þar að kemur.

4. Umsókn um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir hér með eftirfarandi ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 25.000.000 kr. til 15 ára, í samræmi við skilmála í lánsamningi 52/2009 sem liggur fyrir til undirritunar (lánið er bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í nóv 2009; 5,69% vextir; jafnar afborganir, tvisvar á ári). Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna sundlaugarbyggingu sveitarfélagsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Bjarna Daníelssyni, sveitarstjóra, kt. 270249-2649, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skaftárhrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að mót-taka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

5. Erindi frá Markaðsstofu Suðurlands: Framlag sveitarfélagsins til uppbyggingar og reksturs stofunnar

Stjórn Markaðsstofu Suðurlands fer fram á að aðildarsveitarfélög leggi fram upphæð sem svara 350 kr á hvern íbúa til þess að tryggja rekstur og uppbyggingu stofunnar. Sveitarstjórn samþykkir að verða við þessari beiðni, enda sé þess vænst að starfsemi stofunnar muni verða gagnleg fyrir atvinnuþróun á svæðinu. Miðað við íbúafjölda er þetta um 160.000 kr.

6. Bréf frá Braga Gunnarssyni 8.10.2009: Svar við bréfi Skaftárhrepps 17. september 2009